

2312. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 12. júní 2024 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli (og á Teams).

Mættir stjórnarmenn: Þorvaldur Örlygsson formaður, Helga Helgadóttir varaformaður, Ingi Sigurðsson varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Pálmi Haraldsson, Unnar Stefán Sigurðsson, Orri Vignir Hlökkversson, Þorkell Máni Pétursson.

Á Teams: Sveinn Gíslason, Tinna Hrund Hlynsdóttir.

Mættir starfsmenn: Jörundur Áki Sveinsson settur framkvæmdastjóri, Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur, Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður KSÍ bauð stjórnarmenn velkomna til fundar og fór yfir árangur A landsliða kvenna og karla síðustu vikur, sem var heilt yfir ánægjulegur.

1. Skipan í grasrótarnefnd KSÍ.
 - a. *Stjórn samþykkti að skipa eftirtalda í grasrótarnefnd:*
Trausti Hjaltason formaður
Guðmundur Bj. Hafþórsson
Petra Lind Einarsdóttir
Rúnar Már Sverrisson
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Tryggvi Gunnarsson
Þorsteinn Haukur Harðarson
2. Mannvirkjasjóður KSÍ.
 - a. Formaður KSÍ fór í stuttu máli yfir ýmis málefni tengd mannvirkjasjóði, tilgangi hans og hlutverki. Ingi Sigurðsson varaformaður KSÍ fór ítarlega yfir forsögu mannvirkjasjóðs, þróun hans síðustu ár og nýtingu, verklag við úthlutun (skorkort), og styrkuppþæðir í hin ýmsu verkefni í gegnum árin. Margir stjórnarmenn tóku til máls og voru umræður fróðlegar og gagnlegar. *Stjórn ákvað að fela framkvæmdastjóra KSÍ að auglýsa eftir umsóknum í mannvirkjasjóð fyrir árið 2024 og vinna reglugerð fyrir sjóðinn sem gildir fyrir árið 2024. Frekari ákvarðanir um framtíð sjóðsins munu liggja fyrir í haust og verða þá kynntar fyrir aðildarfélögum sambandsins.*
3. Starfshópur vegna endurskoðunar á viðbragðsáætlun KSÍ (greinargerð/niðurstöður).
 - a. Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur KSÍ tók sæti á fundinum. Á síðasta fundi stjórnar kynnti Haukur vinnu starfshóps um viðbragðsáætlun, og svaraði nú spurningum stjórnarmanna um tillögur og greinargerð hópsins. Ýmsum áhugaverðum og krefjandi spurningum var velt upp og málið rætt ítarlega. *Stjórn KSÍ samþykkti tillögur starfshópsins og vill koma á framfæri þakklæti til þeirra hæfu einstaklinga sem skipuðu hópinn, fyrir þeirra góðu störf.*

Fundi slitið kl. 18:15

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næsti stjórnarfundur verður í ágúst.